

Stofnanasamningur

milli Félags sjúkraþjálfara og Landspítala um forsendur röðunar starfa
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar
og Félags sjúkraþjálfara hins vegar

1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra sjúkraþjálfara á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Sjúkraþjálfari A og B	041
Sjúkraþjálfari C	061 - 071
Sjúkraþjálfari D	081 - 091
Sjúkraþjálfari E	101
Hreyfistjóri	105
Sérfræðingur í sjúkraþjálfun.....	121-xxx

Framangreind röðun miðast við 240 ECTS grunnnám sjúkraþjálfara. Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði sjúkraþjálfara og starfsemi Landspítala geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við sérfræðinga í sjúkraþjálfun, yfirsjúkraþjálfara á starfseiningu (ígildi aðstoðardeildarstjóra) og yfirsjúkraþjálfara (ígildi deildarstjóra) er samið sérstaklega og taka skal mið af sambærilegum störfum annarra stéttu innan stofnunarinnar.

AN
SSG

LB

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

4.1. Mat á menntun umfram grunnkröfu starfs

Viðbótarnám sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki	
30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir.....	1 þrep
60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir.....	2 þrep
Meistarapróf	4 þrep
Doktorspróf	6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að sex álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms umfram grunnkröfu starfs, sbr. nánar skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2. Athuga, grunnmenntunarkrafa sérfræðingsstarfs er meistarapróf.

4.2. Mat á sérstökum og/eða tímabundnum verkefnum

Sjúkraþjálfari E með meistarapróf sem gegnir hlutverki rannsóknarsjúkraþjálfara raðast einum launaflokki ofar en ella.

Sjúkraþjálfari D í efri spönn eða sjúkraþjálfari E sem er staðengill yfirsjúkraþjálfara á starfseiningu raðast tveimur þrepum ofar en ella á forsendum sérstakrar ábyrgðar í starfi.

5 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

6 Sérákvæði

Sérstök ákvörðun liggur fyrir um frítökurétt vegna þáttöku á ráðstefnum og námskeiðum, sjá fylgiskjal 3.

7 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. apríl 2017.

Reykjavík, 12. apríl 2017

f.h. Landspítala

Aldis Magnúsdóttir
Sóley Stefánsdóttir
Óðins Ólafsson

f.h. Félags sjúkraþjálfara

Hanná Þóra Þórssdóttir
Björna S. Guðmundsdóttir
Ágústa Dagney Gunnarsdóttir
Guðrún Þóra Þórssdóttir

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

Sjúkrabjálfari A:

Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsgunar eða bakvaktar reynðs fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Sjúkrabjálfari B:

Kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsgunar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum.

Sjúkrabjálfari C:

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þáttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

Sjúkrabjálfari D:

Er mjög vel fær í starfi. Skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og sjúkrahússins.

Er staðgengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við yfirsjúkrabjálfara. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar.

Innleiðir nýjungrar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi, og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglega úrlausn mála.

Sjúkrabjálfari E:

Sérfróður í tiltekinni klínískri fræðigrein á fagsviði starfs og er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/bjónustu/meðferð í samræmi við sýn og stefnu LSH og metur árangur starfseminnar. Hefur aflað sér víðtækrar og sérhæfðrar þekkingar með amk 8 ára starfsreynslu og á sérhæfðum námskeiðum og/eða ráðstefnum (amk. 100 klst.) eða hefur meistarapróf. Innleiðir nýjungrar og stýrir gæðastarfi á einingu í samráði við yfirmann. Tekur þátt í rannsóknum. Skipuleggur

kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/ þjónustunnar/ meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Er leiðandi í gagnreynum starfsháttum og innleiðir nýjungrar í meðferð/þjónustu/fagi.

Hreyfistjóri:

Ber ábyrgð á hreyfiáætlun og eftirfylgni gagnvart skjólstæðingum Landspítala og tekur á móti einstaklingum með uppáskrifaðan hreyfiseðil frá lækni. Krafa er að hreyfistjóri hafi lokið námskeiði í áhugahvetjandi samtalstækni og hafi minnst þriggja ára starfsreynslu sem sjúkraþjálfari.

Sérfræðingur í sjúkraþjálfun:

Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð er krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

Viðbótarnám/-menntun – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf¹** - Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað sér 60 ECTS einingum eða 360 kennslustundum, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í starfi.
- **Meistarapróf** – Starfsmaður með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfu starfs, hækki sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækjun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** - Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækkar sem nemur sex þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækjun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækjun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækjun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til yfirmanns.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Afrit af skjali sem sannar þáttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.
- d. Ef um er að ræða þáttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- e. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga er metið af yfirmanni.
- f. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

¹ Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.

Fylgiskjal 3

Vinnureglur vegna sérákvæðis um frí vegna helgarnámskeiða

Þegar um er að ræða helgarnámskeið, þ.e. námskeið sem er haldið um helgi eða á rauðum dögum, skal starfsmaður fá einn frídag á móti viðkomandi helgi ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- að sótt sé um námskeiðið fyrirfram með venjulegum hætti
- að um sé að ræða viðurkennt námskeið í sjúkraþjálfun sem nýtist í starfi að mati yfirmanns
- starfsmaður hefði fengið launað leyfi frá störfum ef það hefði verið haldið á virkum degi

Leyfið er í réttu hlutfalli við lengd námskeiðs og því aldrei meira en sem nemur þeim tíma sem námskeiðið sjálft tekur. Leyfi þetta skal tekið sem fyrst, helst í næstu viku eftir námskeið að höfðu samráði við yfirmann.

Bókun 1

Skráning námskeiða og viðbótarþátta

Skráning á forsendum launaröðunar sjúkrapjálfara verður yfirfarin fyrir lok 1. júní 2017. Jafnframt skal röðun hvers og eins sannreynd sé þess óskað.

SSS
AM

12.04.2017 08:15 7

GB.

Bókun 2

Fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaga BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnana samningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnana samningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttar var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnana samningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Félag sjúkraþjálfara samþykkir stofnana samning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðréttung í samræmi við þá túlkun.

Fundargerð

Samstarfsnefnd kl. 08:30 Eiríksgötu 5 R.vík

Stéttarfélag sjúkrapjálfara

Dagsetning: 12.04.2017

Fundarmenn

Frá félagi: Ása Dagný Gunnarsdóttir, Gunnlaugur Már Briem, Ásta S. Guðmundsdóttir og Halldóra Eyjólfsdóttir
Frá LSH: Aldís Magnúsdóttir, Sóley Snædís Stefánsdóttir og Oddur Gunnarsson

Fundargerð

Dagskrá

Stofnanasamningur

Fulltrúar LSH leggja fram drög að stofnanasamningi í samræmi við það sem um hefur verið rætt á fyrri fundum aðila.
Lesið yfir og rætt.

Nýr stofnanasamningur með gildistíma frá og með 1. apríl 2017 undirritaður.

Í bókun 2 með samningi aðila er fyrirvari um ágreining milli BHM og ríkisins og leiðréttingu ef forsendur breytast með niðurstöðu dóms eða með öðrum hætti síðar.

Afturvirk leiðréttung launa fyrir tímabilið 1. júní 2016 til og með 31. mars 2017 verður framkvæmd í formi eingreiðslu. Afturvirkni og eingreiðsla vegna breytinga á menntunarákvæðum er greidd til þeirra sem málið varðar til samræmis við hækkanir sem samningurinn kveður á um. Það sem upp á vantar, þ.e. bilið milli kostnaðar við hækkun menntunarákvæða og 1,65% hækkun til hópsins alls, verður dreift jafnt eftir starfshlutfalli meðal félagsmanna sem starfa samkvæmt samningi þessum.
Eingreiðsla þessi kemur til framkvæmda eigi síðar en 1. júní 2017.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið.

*B. Gunnar
Sóley Stefánsdóttir
Aldís Magnúsdóttir*

*Halldirn Eyjólfssdóttir
Ásta S. Guðmundsdóttir
Ása Dagný Gunnarsdóttir
Gunnlaugur M. Briem.*